

L Ö G

59

11. júní

um breyting á lögum nr. 58 frá 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30
22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjöllum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. gr. laga nr. 58 frá 28. nóv. 1919 orðist þannig:

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti, og er hann oddviti hennar.

Samþykki bæjarstjórn að velja sér bæjarstjóra, vikur bæjarfógeti úr bæjarstjórninni, en bæjarstjóri tekur við þeim störfum, er oddviti bæjarstjórnar hefir nú. Bæjarstjóri skal launaður úr bæjarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

L Ö G

60

11. júní

um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjöllum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn allrar húsmæðrafræðslu í sveitum landsins samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Húsmæðraskólar þeir, er um getur í 3. gr., skulu viðurkenndir og styrktir af ríkinu, enda fullnægi þeir ákvæðum laga þessara.

I. KAFLI

Um húsmæðraskóla í sveitum.

3. gr.

Húsmæðraskólar þeir, er njóta styrks samkv. lögum þessum, eru á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, Blönduósi í Húnavatnssýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, Laugarvatni í Árnessýslu og Reykholti í Borgarfjarðarsýslu.

Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir, eign héraða eða sýslufélaga og fullnægja ákvæðum laga þessara.

4. gr.

Tilgangur skólanna er að veita konum hagnýta fræðslu til undirbúnings húsmóðurstöðu, miðað við íslenska staðhætti, einkum í sveit.

5. gr.

Nemendur skulu eigi vera yngri en 16 ára. Heimilt er þó forstöðukonu, í samráði við skólaráð, að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Hver nemandi skal njóta 7 til 14 mánaða kennslu. Lengd námstíma og skipulag kennslu í hverjum skóla ákveður ráðherra með reglugerð.

7. gr.

Kennslan skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar eru:

Íslenska, reikningur, bókfærsla, matarefnafræði, heilsufraði, uppeldisfræði, söngur, íþróttir, hústjórn, matreiðsla, þvottur, ræsting og handavinna. Ennfremur skal leiðbeina nokkuð í garðrækt og húsdýrarækt, eftir því sem við verður komið.

Heimilt er með reglugerð að ákveða fleiri námsgreinar.

8. gr.

Skólaráð hvers skóla sé skipað fimm mönnum, til 4 ára í senn. Ráðherra tilnefnir einn mann, og er hann formaður. Hina fjóra tilnefna þeir aðilar, er teljast stofnendur skólans. Nú er kvenfélagasamband í héraðinu, sem eigi hefir tekið þátt í skólastofnun, og skal það þó tilnefna einn mann í ráðið. Skólaráðið ræður forstöðukonu skólans og kennara, í samráði við hana, og hefir að öðru leyti alla yfirstjórn skólans.

9. gr.

Ríkissjóður styrkir húsmæðraskóla eftir þessum reglum:

1. Fyrir allt að 15 reglulega nemendur greiðist 6750 kr. miðað við sjö mánuði.
2. Fyrir hvern reglulegan nemanda, sem þar er umfram, greiðast 400 kr. — Auk þess má veita hverjum skóla sérstaka upphæð til styrktar fátækum nemendum.

Nú á skóli arðberandi eignir, þegar lög þessi ganga í gildi, sem geta orðið til stuðnings við rekstur skólans, og er þá heimilt að lækka framlag ríkissjóðs í samráði við skólaráð, en þó eigi meira en svo, að rekstrartekjur skólans verði sambærilegar við tekjur hliðstæðra skóla.

Nú fer nemendatala skóla niður úr tíu eitt skólaár, og á hann þá ekki kröfu á styrk á næsta skólaári, nema því aðeins, að nemendur verði þá tíu eða fleiri.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir helming alls stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

11. gr.

60

Nemendur greiða ekkert skólagjald. Þó er heimilt að taka af þeim húsaleigu-
gjald, allt að 40 kr. yfir skólaárið. 11. júní

12. gr.

Nú er haldið námskeið við húsmæðraskóla samkvæmt staðfestri reglugerð, og
skal þá greiða 10 krónur úr ríkissjóði fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda sé
lögð aðaláherzla á verklegar námsgreinar.

II. KAFLI

Um húsmæðrakennaraskóla.

13. gr.

Heimilt er að stofna húsmæðrakennaraskóla með tveim ársdeildum að Laugar-
vatni, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og samkomulag hefir fengizt milli land-
búnaðarráðherra og skólanefndar héraðsskólans um rekstraraðstöðu húsmæðrakenn-
araskólans.

14. gr.

Í hvorri ársdeild mega ekki vera yfir 12 nemendur.

Starf þessa húsmæðrakennaraskóla skal vera að undirbúa nemendur sína til
að vera forstöðukonur og kennslukonur við húsmæðraskóla eða matreiðslunám-
skeið, og erindrekar fyrir kvenfélagasambönd og stærri kvenfélög.

Inntökuskilyrði fyrir kennslukonuefnin í fyrri deild skulu vera þessi: 1. Um-
sækjandi sé fullra 18 ára að aldri. 2. Hafi glögg skilríki um góða heilsu og reglu-
semi. 3. Hafi gegnt venjulegum hússtörfum á myndarlegu heimili í eitt ár. 4. Hafi
almenna bóklega menntun sem svarar hirtfararprófi frá héraðs- eða gagnfræða-
skóla. 5. Hafi lokið eins vetrar námi með góðum vitnisburði á viðurkenndum hús-
mæðraskóla.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð skipulag kennslunnar, skiptingu
skólans í deildir, tölu kennara, próf og annað, sem starfi skólans viðkemur.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1938.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.